

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) var haldinn mánudaginn 17. maí 2010 kl. 18.15 í Gullteigi á Grand Hótel.

Helgi Magnússon, formaður stjórnar sjóðsins, setti ársfundinn og bauð fundarmenn velkomna. Formaður gerði tillögu um Ólaf Gústafsson hrl. sem fundarstjóra og var hún samþykkt. Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins sem var auglýstur í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu 10. apríl og 17. maí. Upplýsingar um ársfundinn komu jafnframt fram í starfsauglýsingu sjóðsins í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu þann 15. apríl. Einnig var sett tilkynning á heimasíðu sjóðsins um ársfundinn. Lýsti hann því fundinn lögmætan. Fundarstjóri lagði síðan til að Margrét Kristinsdóttir, deildarstjóri lífeyrisdeildar sjóðsins, yrði fundarritari og var það samþykkt.

1. Skýrsla stjórnar

a) Skýrsla formanns

Helgi Magnússon formaður flutti skýrslu stjórnar. Í máli hans kom m.a. fram að kerfishrun íslenskrar fjármálastarfsemi hefur að vonum haft mikil áhrif á stöðu og starfsemi lífeyrissjóðanna hér á landi. LV hefur þurft að afskrifa um 50 milljarða vegna hlutabréfa og skuldabréfa á árunum 2008 og 2009 eða sem nemur um 19% af heildareignum sjóðsins eins og þær voru við hrunið haustið 2008.

Vegna þessara áfalla hefur lífeyrissjóðurinn þurft að grípa til þess í fyrsta sinn frá stofnun sjóðsins árið 1956 að lækka réttindi sjóðfélaga og lífeyrisgreiðslur um 10%. Þetta eru þung spor en óhjákvæmileg í ljósi aðstæðna. Það verður þó að halda því til haga að lífeyrir sjóðsins er verðtryggður og með 10% lækkun er verið að færa lífeyrisgreiðslur til sömu krónutölu og var í byrjun síðasta árs. Einnig að þrátt fyrir lækkunina hafa lífeyrisgreiðslur hækkað meira síðastliðinn áratug en sem nemur hækkun launavísitölu. Þessi staðreynd er auðvitað ekki mikil huggun en engu að síður rétt að hafa hana í huga þegar fyrir liggur að tekjur á almennum vinnumarkaði hafa mikið staðið í stað frá haustmánuðum 2008 og gjarnan lækkað vegna erfiðrar stöðu atvinnulífsins og samdráttar á vinnumarkaði. Þá er rétt að

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

minna á að frá árinu 1997 hækkaði LV lífeyrisréttindi um 21% umfram verðlagsbreytingar í þremur áföngum. Eftir 10% lækkun réttinda nú nemur hækkun réttinda samt sem áður 9% frá árinu 1997.

Lífeyrissjóðirnir eru þrátt fyrir þau áföll sem þeir urðu fyrir nánast einu fjármálastofnanir landsins sem eftir stóðu. Þeir munu ná fyrri styrk og verða áfram kjölfesta í sparnaði landsmanna. Standa þarf vörð um lífeyrissjóðina og efla þá til frekara gagns fyrir sjóðsfélaga og samfélagið. Um 30% af eignum lífeyrissjóðanna eru erlendar. Íslenska hagkerfið hefur ekki reynst betur en svo að landsmenn væru mun betur settir með hærra hlutfall eigna sjóðanna geymt og ávaxtað í öðrum hagkerfum en hinu íslenska. Því eru núverandi gjaldeyrishöft sjóðunum skaðleg og við hljótum að gera þá kröfu til stjórnvalda að þau hraði afnámi þeirra sem mest má verða.

Stjórnin hefur gripið til margháttaðra aðgerða til að efla sjóðinn og búa hann sem best undir verkefni sín í framtíðinni. Unnið hefur verið að stefnumótun varðandi hlutverk sjóðsins, framtíðarsýn og grunngildi. Innleiddar hafa verið skýrari siða- og samskiptareglur sem taka á ýmsum mikilvægum þáttum varðandi starfsmannastefnu og vinnubrögð stjórnar og starfsmanna sjóðsins. Stjórnin hefur markað þá stefnu að auka upplýsingagjöf sjóðsins. Liður í því var opnun fjárfestingavefs á heimasíðu sjóðsins í desember sl. Þar er m.a. unnt að nálgast með aðgengilegum hætti upplýsingar um fjárfestingar sjóðsins, fjárfestingarstefnu, ávöxtun, eignastýringu og eignasamsetningu. Stjórn LV er ljóst að krafa samfélagsins er um meira gagnsæi og hefur hún fullan vilja til að ganga eins langt í upplýsingagjöf og frekast er heimilt samkvæmt lögum og reglum og hagsmunir sjóðsins sem fjárfestis leyfa á hverjum tíma. Stjórnin var gagnrýnd á síðasta ársfundi fyrir að upplýsa ekki nákvæmlega hve mikið hafði verið lagt til hliðar og afskrifað vegna krafna á einstök fyrirtæki. Þá var það mat stjórnarinnar að upplýsingar um það gætu skaðað hagsmuni sjóðsins í vinnu hans við að ná sem mestum verðmætum til baka. Nú hafa flest þessara mála verið leidd til lykta og er sjóðurinn því í betri aðstöðu til að gefa nákvæmari upplýsingar.

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Öðru hvoru koma fram skoðanaskipti um fyrirkomulag á vali stjórnarmanna til setu í stjórnnum lífeyrissjóða. Meginreglan varðandi val á stjórnarmönnum íslensku lífeyrissjóðanna er sú að stéttarfélög tilnefna helming stjórnarmanna og samtök atvinnurekenda hinn helminginn. Í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá 2004 kemur fram sú niðurstaða að fyrirkomulag á vali stjórnarmanna hér á landi væri hið sama og í nágrannalöndunum.

Þeir sem gagnrýna lífeyrissjóðina í kjölfar bankahrunsins halda því gjarnan fram að stjórnendur þeirra hefðu átt að sjá fyrir ýmsa atburði sem urðu á íslenskum og alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Erfitt er að sjá að sanngjarnt sé að halda því fram. Stjórnendur lífeyrissjóðanna voru í góðri trú og þeir áttu ekki von á öðru en verið væri að vinna af heilindum á þessum mörkuðum. Þeir atburðir sem urðu víða um heim höfðu keðjuverkandi áhrif sem fáir sáu fyrir. Atburðir á Íslandi urðu svo miklu stærri og hrikalegri en í nágrannalöndunum með afleiðingum sem við þekkjum öll.

LV var með gjaldmiðlavarnarsamninga hjá tveimur af stóru bönkunum. Við fall krónunnar varð umtalsvert tap á þeim samningum. Tapið var fært til gjalda hjá sjóðnum í ársreikningi 2008. Í ljósi þess sem fram kemur í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis telur stjórn sjóðsins einsýnt að látið verði reyna á það fyrir dómstólum hvort sjóðurinn hafi verið beittur blekkingum. Menn gátu ekki séð fyrir að áhrifaaðilar tækju stöðu gegn íslensku krónunni með þeirri gengisfellingu sem af því leiddi. Kröfur verða gerðar fyrir dómstólum um bætur sjóðnum til handa. Okkur er kunnugt um að aðrir lífeyrissjóðir sem eru í svipaðri stöðu, hafa uppi sambærileg áform um lögsóknir.

Fram hafa komið hugmyndir frá aðilum vinnumarkaðarins um það að fram fari athugun á samskiptum lífeyrissjóðanna við íslensku bankana síðustu árin fyrir hrunið. Áhugavert er að skoða hvort eitthvað hafi verið athugavert við það faglega séð að gera gjaldeyrisvarnarsamninga við þær aðstæður sem ríktu og í samræmi við þær lagaheimildir sem voru í gildi frá árinu 1997. Það er illt fyrir lífeyrissjóðina að liggja undir ásökunum um „spákaupmennsku“ varðandi þessa þætti, sem einmitt voru ætlaðir til að draga úr áhættu og læsa inni fengna ávöxtun. Því væri

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

mikils virði að fá úr því skorið af sérfróðu fólki hvað geti talist rétt og eðlileg vinnubrögð á þessu sviði. Þá er ekki síður mikilvægt að fá faglegt álit á því hvernig samskiptum sjóðanna var háttað við bankakerfið og hvort rétt er sem haldið hefur verið fram í fyrrnefndri skýrslu að bankarnir hafi beitt markaðsmisnotkun sem bitnaði á viðskiptavinum, þar með töldum lífeyrissjóðum. Á meðan annað kemur ekki á daginn er ekki við öðru að búast en að lífeyrissjóðirnir upplifi sig sem þolendur í bankahruninu. Þeir voru engir gerendur í því efni og ég held því fram að starfsmenn og stjórnendur LV hafi unnið störf sín í góðri trú og ekki verið í stöðu til að sjá fyrir skelfilega atburði hér á landi og erlendis.

Formaður þakkaði að lokum stjórnarmönnum fyrir gott og ánægjulegt samstarf á liðnu ári. Jafnframt þakkaði hann fyrir hönd stjórnar lífeyrissjóðsins öllu starfsfólki sjóðsins fyrir góð störf á liðnu ári.

b) Kynning á stefnumótun stjórnar

Ragnar Öundurson varaformaður greindi frá stefnumótunarvinnu stjórnar og starfsmanna sjóðsins. Helstu áhersluatriði stefnumótunar eru hlutverk sjóðsins, framtíðarsýn, grunngildi og stefna hans. Á grundvelli stefnumótunar hefur þegar verið lokið við fjölmörg verkefni sem lúta jafnt að innri og ytri starfsemi sjóðsins. Má þar m.a. nefna setningu siða- og samskiptareglna, þætti er lúta að starfsmannastefnu og gerð nýs vefsvæðis með auknum möguleikum á gagnvirkri þjónustu og aukinni upplýsingagjöf.

Ragnar sagði að framtíðarsýn sjóðsins felist í því að vera í fremstu röð á Íslandi varðandi lífeyrisréttindi, kostnað og hagkvæmni, ábyrga stjórnarhætti og áhættustýringu, hvatningu og starfsánægju starfsfólks, gott viðmót og miðlun upplýsinga ásamt ánægju og stuðningi sjóðfélaga.

Þá hefur innra starf sjóðsins að leiðarljósi ábyrgð, umhyggju og árangur. Ábyrgð þýðir varfærni, fagmennska og samviskusemi sem birtist í vandaðri áhættustýringu, eftirfylgni með fyrirtækjum sem fjárfest er í og góðum stjórnarháttum. Ábyrgð grundvallast á vönduðum vinnubrögðum, hæfu starfsfólks og þekkingu í fremstu röð ásamt skýrum skilaboðum frá stjórn um ábyrg vinnubrögð.

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Umhyggja felur í sér heilindi, ráðvendni og alúð sem birtist í frumkvæði í þjónustu og samskiptum ásamt góðu viðmóti. Umhyggja grundvallast á því að virkja og hvetja starfsmenn ásamt því að gera starfsmenn að „meðeigendum“ að stefnu og markmiðum sjóðsins.

Árangur felur í sér að keppa að skýrum mælanlegum markmiðum, sýna einnig framfarir í huglægum þáttum og skila gæðum í stjórnun og starfsemi. Árangur birtist í skilvirkni og arðsemi, stöðugleika, starfsánægju, opnum stjórnarháttum, ánægju sjóðfélaga og sátt kynslóða. Árangur grundvallast á setningu markmiða um helstu árangursþætti, skilgreindum mælikvörðum, reglubundnum mælingum, eftirliti og hvatningu.

Ragnar greindi frá nýjum siða- og samskiptareglum fyrir starfs- og stjórnarmenn. Sagði hann reglurnar fjalla um góða starfshætti, hagsmunaárekstra, meðferð trúnaðarupplýsinga, gjafir, boðsferðir og starfstengdar ferðir. Markmiðið með reglum er að skerpa á áherslum og stuðla að góðum starfsháttum. Þess skal gætt innan sem utan starfstíma að ekkert sé aðhafst sem dregið geti í efa hæfi til að starfa fyrir sjóðinn eða skaðað ímynd hans. Ekki má taka þátt í meðferð máls ef það getur valdið því að óhlutdrægni er dregin í efa. Óheimilt er að þiggja gjafir eða boðsferðir en heimilt er að sækja kynningar. Kalli slíkt á ferðir skal sjóðurinn greiða kostnað. Halda skal skrá um ferðir og skýrslum skilað um árangur af þeim. Brot geta varðað áminningu eða uppsögn.

2. Greinargerð framkvæmdastjóra

a) Ársreikningur fyrir síðasta starfsár

Guðmundur Þ. Þórhallsson, framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins, gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2009. Í ræðu hans kom m.a. fram að eignir til greiðslu lífeyris námu 283 milljörðum í árslok 2009 samanborið við 249 milljarða árið áður. Ávöxtun á árinu var 9,9% sem samsvarar 1,1% raunávöxtun. Á árinu 2009 bárust áframhaldandi fréttir af erfiðri stöðu innlendra banka, sparisjóða og ýmissa fjárfestingarfyrirtækja.

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda námu 16,3 milljörðum í samanburði við 17,1 milljarð á árinu 2008 og lækkuðu því um 4,6% á liðnu ári. Á greiðslugrunni lækkuðu iðgjöldin um 6,4%.

Lífeyrisgreiðslur námu 6,9 milljörðum og hækkuðu um 38% frá árinu 2008 þegar þær námu 5 milljörðum. Þar af nam ellilífeyrir 3.757 milljónum, greiðslur úr séreignardeild 1.011 milljónum og örorkulífeyrir 1.543 milljónum. Lífeyrisþegar voru 9.348 um síðustu áramót og fjölgaði um 8% á síðasta ári. Þar af þáðu 5.303 ellilífeyri og 2.305 örorkulífeyri.

Fjárfestingartekjur námu 25,5 milljörðum en á árinu 2008 voru þær neikvæðar um 32 milljarða. Sjóðurinn færði á árinu 2009 varúðarfærslu vegna skuldabréfa samtals að fjárhæð 16,5 milljarða.

Rekstrarkostnaður vegna fjárfestinga nam á síðasta ári 274 milljónum. Annar rekstrarkostnaður nam 245 milljónum. Aðrar tekjur námu 68 milljónum. Rekstrarkostnaður að frádregnum öðrum tekjum nam 1,11% af iðgjöldum eða 0,07% af eignum sem er með því lægsta sem þekkt meðal lífeyrissjóðanna en framangreind hlutföll miðast við skilgreiningu Fjármálaeftirlitsins. Þegar fjárfestingargjöldum er bætt við er kostnaðarhlutfallið 0,17% af eignum. Hjá lífeyrissjóðnum starfa nú 28 starfsmenn. Meðalfjöldi stöðugilda á árinu 2009 var 29,3 samanborið við 28,6 árið áður.

Lífeyrissjóðurinn hefur ávallt leitast við að sýna aðhald og hagkvæmni í rekstri. Til marks um það hefur á undanförunum átta árum tekist að halda nánast sama starfsmannafjölda þrátt fyrir að umfang hafi aukist mikið og starfsumhverfi sjóðsins sé flóknara en áður var. Þjónusta við sjóðfélaga, lífeyrisþega og launagreiðendur er margþætt. Fjöldi svaraðra símtala á þjónustuverinu var tæplega 41 þúsund á liðnu ári og var svarhlutfall mjög ásættanlegt eða 93%. Alls greiddu liðlega 7 þúsund fyrirtæki iðgjöld til sjóðsins vegna tæplega 48 þúsund sjóðfélaga. Fjöldi lífeyrisþega var að meðaltali um 9.600, þar af 9.100 í sameignardeild og 500 í séreignardeild. Á liðnu ári var aukið álag á

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

séreignardeildinni vegna tímabundinnar heimildar sjóðfélaga til að taka út séreignarsparnað sinn vegna efnahagsástandsins. Aukið umfang er hjá innheimtudeildinni vegna aukinna iðgjaldavanskila og töluverð vinna hefur verið hjá lánadeild sjóðsins við að leysa úr greiðsluvanda vegna sjóðfélagalána.

Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris nam 283,2 milljörðum samanborið við 248,8 milljarða í árslok 2008. Fjárfestingar, eða verðbréfaeign sjóðsins auk eignarhluta í Húsi verslunarinnar námu 262,2 milljörðum. Verðbréf með breytilegum tekjum námu 109 milljörðum, þar af námu erlend verðbréf 104,2 milljörðum og innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini 4,8 milljörðum. Verðbréf með föstum tekjum, þ.e. skuldabréf námu 151,6 milljörðum í árslok og þar af eru útistandandi lánveitingar til sjóðfélaga 44,6 milljarðar. Bankainnstæður bundnar lengur en í þrjá mánuði námu 1,4 milljarði.

Hlutfallslega skipting verðbréfaeignar í árslok síðasta árs var með þeim hætti að ríkistryggð skuldabréf námu 25% af verðbréfaeign, bankainnstæður 13%, sjóðfélagalán 14%, markaðsverðbréf banka, sveitarfélaga og fjárfestingalánasjóða voru 7% eignarinnar, skuldabréf fyrirtækja 4%, innlend hlutabréf 2% og erlend verðbréf námu 35% af verðbréfaeigninni.

Á árinu voru færðir alls 16,5 milljarðar í varúðarfærslu þar af 8,5 milljarðar vegna skuldabréfa banka og sparisjóða, 7,4 milljarðar vegna skuldabréfa fyrirtækja og 0,6 milljarðar vegna veðskuldabréfa. Á árunum 2008 og 2009 hafa því verið færðar afskriftir og varúðarfærslur að fjárhæð 26,4 milljarðar vegna innlendra skuldabréfa.

Sjóðurinn ráðstafaði 35,3 milljörðum til lánveitinga og verðbréfakaupa og seldi verðbréf fyrir 10,6 milljarða á liðnu ári. Kaup verðbréfa umfram sölu nam því 24,7 milljörðum. Skuldabréfaviðskipti námu 27,2 milljörðum. Skuldabréfakaup námu 26,5 milljörðum og seld voru skuldabréf að fjárhæð 0,7 milljarðar. Keypt voru skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs fyrir 19 milljarða. Þar af voru keypt skuldabréf íbúðalánasjóðs fyrir 14,6 milljarða og önnur ríkistryggð skuldabréf fyrir 4,4 milljarða. Kaup á skuldabréfum sveitarfélaga og fyrirtækja með ábyrgð

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

sveitarfélaga námu 3,8 milljörðum. Lánveitingar og skuldbreytingar til sjóðfélaga námu 3,7 milljörðum. Um síðustu áramót nam skuldabréfaeignin 151,6 milljörðum eða 51% af verðbréfaeign.

Innlend hlutabréfaviðskipti sjóðsins námu 1,1 milljarði á liðnu ári. Lífeyrissjóðurinn fjárfesti í hlutabréfum fyrir 0,9 milljarða og seldi hlutabréf fyrir 0,2 milljarða. Um síðustu áramót nam hlutabréfaeignin 4,8 milljörðum eða 1,6% af verðbréfaeign.

Erlend verðbréfaviðskipti námu 17,6 milljörðum á liðnu ári. Lífeyrissjóðurinn fjárfesti í erlendum verðbréfum fyrir 7,9 milljarða og seldi erlend verðbréf fyrir 9,7 milljarða. Erlend verðbréfaeign um sl. áramót nam 104,2 milljörðum samanborið við 87,3 milljarða í árslok 2008 og er nú 34,9% af verðbréfaeign. Staðan á erlendum fjármálamörkuðum batnaði verulega á árinu 2009. Heimsvísitala Morgan Stanley hækkaði um 30% í dollurum. Þá hækkaði erlend eign sjóðsins einnig við umreikning yfir í íslenskar krónur því krónan veiktist um 7,3% gagnvart erlendum gjaldmiðlum.

Ávöxtun á árinu 2009 var 10,0% sem samsvarar 1,2% raunávöxtun. Hrein ávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum var 9,9% sem samsvarar 1,1% raunávöxtun. Meðalraunávöxtun síðustu 5 ára er 0,3% og síðustu 10 ára 2,2%. Lífeyrissjóðurinn er langtímafjárfestir og hefur því tækifæri til að horfa til langs tíma við val á fjárfestingarkostum. Langtíma raunávöxtun sjóðsins fyrir hrun viðskiptabankanna, þ.e. á árunum 1990 til og með 2007 var að meðaltali 6,8% á ári. Fjármálakreppan hefur haft í för með sér að meðalraunávöxtun á árunum 1990 til og með 2009 er að meðaltali 4,8% á ári.

Iðgjöld til séreignardeildar námu 505 milljónum á árinu 2009 samanborið við 625 milljónir árið áður. Lífeyrisgreiðslur námu 1.011 milljónum en voru 180 milljónir árið 2008. Á liðnu ári kom til framkvæmda tímabundin lagaheimild til einstaklinga til að taka út séreignarsparnað vegna efnahagsástandsins og námu úttektir alls 549 milljónum til 1.191 einstaklings.

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Heildareignir á reikningum í séreignardeild námu 6 milljörðum í árslok samanborið við 6,1 milljarð í árslok 2008. Alls áttu tæplega 41 þúsund einstaklingar inneignir í séreignardeild í árslok 2009. Rekstrarkostnaður séreignardeildar er með því lágsta meðal lífeyrissjóðanna eða 0,07% af eignum. Hrein nafnávöxtun verðbréfaleiðar var 9,9% sem svarar til 1,1% raunávöxtunar. Hrein nafnávöxtun innlánsleiðar var 11,9% eða 3,0% raunávöxtun.

b) Tryggingafræðileg athugun

Framkvæmdastjóri greindi frá því að tryggingafræðileg úttekt miðað við árslok 2009 sýnir að heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar eru neikvæðar um 61,9 milljarða eða um 10,8%. Við úttektina er miðað við að ávöxtun sjóðsins á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Í árslok 2008 var staðan hins vegar neikvæð um 7,2% og versnaði staðan því um 3,6% milli ára.

Nokkrar ástæður eru fyrir verri stöðu. Raunávöxtun sjóðsins á liðnu ári var 1,1% en í tryggingafræðilegri úttekt er miðað við 3,5% raunávöxtun. Ávöxtunin hefur 2% áhrif á stöðuna. Þá hafa lífslíkur sjóðfélaga aukist og er nú miðað við lífslíkur samkvæmt reynslu árána 2004 til 2008 í stað árána 2001 til 2005. Áhrif þessa er 1%. Til viðbótar hefur vægi jafnrar réttindaávinnslu aukist í réttindamyndun hjá sjóðnum sem er íþyngjandi í tryggingafræðilegu uppgjöri sem hefur 0,6% áhrif á stöðu sjóðsins.

Það var því mat stjórnar, að höfðu samráði við Bjarna Þórðarson tryggingafræðing sjóðsins, að fjárhagsstaða sjóðsins í árslok 2009 hafi versnað það mikið frá fyrra ári að ekki verði hjá því komist að lækka áunnin réttindi sjóðfélaga og lífeyrisgreiðslur um 10%. Áætluð tryggingafræðileg staða eftir lækkunina er neikvæð um 5,5%.

c) Fjárfestingastefna og fjárhagsáætlun 2010

Framkvæmdastjóri greindi frá því að fjárfestingastefna sjóðsins fyrir árið 2010 var samþykkt af stjórn sjóðsins þann 17. nóvember 2009. Í fjárfestingastefnunni kemur m.a. fram að viðmið um eignaskiptingu eru að hámarki eftirfarandi: Innlán í bönkum og sparisjóðum 15%, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

50%, skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga 5%, skuldabréf banka, sparisjóða og annarra lánastofnana 20%, fasteignaveðtryggð skuldabréf 25%, hlutabréf 60% og önnur verðbréf 15%.

Erlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini í hlutabréfasjóðum skulu að hámarki nema 50% af eignum. Eignarhluti sjóðsins í einstökum hlutafélögum takmarkast við 15%, þó getur eignarhlutur í innlendum samlagshlutafélögum numið allt að 20%.

Þá greindi hann frá fjárhagsáætlun ársins 2010. Áætlað er að lánveitingar til sjóðfélaga verði 5 til 15% af ráðstöfunarfé, kaup á skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs verði 30 til 50%, skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga verði 5 til 15%, skuldabréf lánastofnana verði 0 til 15%, skuldabréf fyrirtækja og önnur verðbréf verði 0 til 15%, til innlendra hlutabréfakaupa verði varið 15 til 30% og 15 til 30% verði varið til kaupa á erlendum verðbréfum. Fjárhagsáætlunin er sífellt til endurskoðunar eftir aðstæðum á fjármálamörkuðum.

d) Tilnefningar í stjórn sjóðsins

Framkvæmdastjóri greindi frá tilnefningum í stjórn sjóðsins fyrir tímabilið 1. mars 2010 til 28.2.2013:

Tilnefningar VR

Aðalmenn:

Ragnar Öundurson

Ásta Rut Jónasdóttir

Benedikt Vilhjálmsson

Stefanía Magnúsdóttir

Varamenn:

Óskar Kristjánsson

Helga Árnadóttir

Björn Zoega Björnsson

Sigríður Örlygsdóttir

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Tilnefningar samtaka atvinnurekenda:

Aðalmenn:

Benedikt Kristjánsson tilnefndur af Kaupmannasamtökum Íslands.

Bogi Þ. Siguroddsson tilnefndur af Félagi atvinnurekenda.

Hannes G. Sigurðsson tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins að fengnu álit
Viðskiptaráðs Íslands.

Helgi Magnússon tilnefndur af Samtökum iðnaðarins að fengnu álit Samtaka
atvinnulífsins.

Varamenn:

Ingi I. Ingason tilnefndur af Kaupmannasamtökum Íslands.

Birgir S. Bjarnason tilnefndur af Félagi atvinnurekenda.

Guðlaug Tómasdóttir tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins að fengnu álit
Viðskiptaráðs Íslands.

Vilmundur Jósefsson tilnefndur af Samtökum iðnaðarins að fengnu álit Samtaka
atvinnulífsins.

Stjórnarformaður er Helgi Magnússon og varaformaður Ragnar Önundarson.

e) Tillaga stjórnar til breytinga á samþykktum

Framkvæmdastjóri greindi frá því að stjórn sjóðsins hafi samþykkt nýjar réttindatöflur við ávinnslu lífeyrisréttinda en þær eru viðauki við samþykktir sjóðsins. Tillaga að breytingum á samþykktum hefur verið staðfest af aðildarsamtökum sjóðsins.

Tillagan er rökstudd með þeim hætti að í grein 11.2. í samþykktum sjóðsins er kveðið á um að gefi nýjar réttindatöflur niðurstöðu sem breytir framtíðarskuldbindingum sjóðsins um meira en 1%, þá skulu nýjar réttindatöflur taka gildi frá og með næstu áramótum þaðan í frá.

Lífeyrissjóðir eru með mismunandi réttindatöflur og ræður þar mestu dánarlíkur, kynjaskipting og örorkutíðni meðal sjóðfélaga. Núgildandi réttindatöflur sjóðsins vegna öflunar lífeyrisréttinda eru reiknaðar út miðað við dánarlíkur samkvæmt

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

reynslu áráanna 1999 til 2003. Frá síðustu áramótum eru útreikningar á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins hins vegar miðaðar við dánarlíkur áráanna 2004 til 2008. Þá er miðað við örorkulíkur samkvæmt reynslu sjóðsins árin 2002 til 2006 í stað áráanna 1998 til 2002. Breyting framtíðarskuldbindinga sjóðsins sem leiðir af nýju töflunum er meiri en nemur einu prósentustigi og því er nauðsynlegt að nýjar réttindatöflur fyrir sjóðinn taki gildi frá 1. janúar 2011.

Núgildandi réttindatöflur sjóðsins kveða á um að árleg lífeyrisréttindi frá 67 ára aldri séu að meðaltali 1.341 króna fyrir hvert 10.000 króna iðgjald sem sjóðfélagi greiðir á hverju aldursári. Miðast þessi fjárhæð við meðalávinnslu vegna áráanna 25 til 64 ára. Nýjar réttindatöflur gera hins vegar ráð fyrir að réttindaöflun á ári í framtíðinni verði að meðaltali 1.293 krónur fyrir hvert 10.000 króna iðgjald.

f) Ákvörðun um stjórnarlaun

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ákvörðun um laun stjórnar. Sagði hann að laun stjórnarmanna frá 1. janúar 2010 væru óbreytt eða 85.500 kr. á mánuði og fengi formaður tvöföld stjórnarlaun og varaformaður ein og hálföld stjórnarlaun. Stjórnarlaunin voru lækkuð um 10% í ársbyrjun 2009 og hafa síðan verið óbreytt.

Að lokum þakkaði hann samstarfsfólki sínu fyrir gott samstarf og formanni og stjórn þakkaði hann ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári. Að endingu þakkaði hann, fyrir hönd starfsmanna sjóðsins, þeim fjölmörgu sjóðfélögum sem leituðu til sjóðsins með málefni sín á liðnu ári fyrir ánægjuleg samskipti.

3. Umræður- og önnur mál

Kristinn Örn Jóhannesson formaður VR tók til máls og þakkaði stjórn sjóðsins fyrir góð störf. Sagði hann að jákvæðar breytingar hefðu orðið í stjórninni fyrir tilstilli VR. Það birtist m.a. í því að VR hafi fengið fagmann með mikla reynslu af bankamálum til að leiða stjórn sjóðsins. Kristinn benti einnig á að ekki eingöngu hafi verið gerðar breytingar stéttarfélagsmegin heldur einnig atvinnurekendamegin. LV hafi gert mestu breytingar á stjórn af öllum lífeyrissjóðum. Kristinn var ánægður með nýja og varkárari fjárfestinga- og hluthafastefnu en taldi stjórnina þurfa að kynna starfsemi sjóðsins betur og efla

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

miðlun upplýsinga til sjóðfélaga. Sjóðurinn er langtímafjárfestir og í ljósi þess taldi Kristinn það í raun óréttlátt að gera þurfi sjóðinn upp tryggingafræðilega á hverju ári.

Bogi Þ. Siguroddsson var næstur á mælendaskrá. Jafnframt því að vera sjóðfélagi er hann fulltrúi Félags atvinnurekenda í stjórn sjóðsins og kom nýr í stjórn í janúar 2009. Hann taldi eðlilegt að stjórn lífeyrissjóðsins hafi orðið fyrir gagnrýni í kjölfar bankahrunsins. Bogi taldi að skýrslu Capacent um úttekt á starfsemi og árangri sjóðsins, sem væri aðgengileg á vef sjóðsins, hafi ekki verið gefinn nógu mikill gaumur. Skýrslan gefur okkur grundvöll til framtíðar því niðurstöður skýrslunnar eru jákvæðar fyrir sjóðinn. Samhliða vinnu við skýrsluna hafi verið hafin stefnumótum hjá stjórninni. Nauðsynlegt sé að bæta miðlun upplýsinga líkt og formaður VR hafi lagt áherslu á. Bogi sagðist skilja vel réttláta reiði í þjóðfélaginu og sagði að þjóðin þyrfti að treysta á dómskerfið og að mikilvægt væri að koma atvinnulífinu sem fyrst af stað.

Ásta Rut Jónasdóttir sem kom ný í stjórn LV fyrir tæpu ári kvaddi sér hljóðs. Hún sagðist hafa haft ákveðnar efasemdir um starfsemi sjóðsins áður en hún settist í stjórn. Breytingar hafa átt sér stað og m.a. hafi stjórn sjóðsins í desember s.l. samþykkt nýjar siða- og samskiptareglur fyrir stjórn og starfsmenn. Stjórn sjóðsins horfir fram á veginn og mun þurfa að takast á við mörg flókin verkefni og því sé nauðsynlegt að hafa skýra stefnumörkun og góða verkferla hjá sjóðnum.

Guðmundur Kristinsson sjóðfélagi tók til máls um lækkun lífeyrisgreiðslna hjá sjóðnum og samspil lífeyrisgreiðsla við Tryggingastofnun. Einnig um fjárfestingar LV í Bakkavör og Exista og einnig velti hann því upp hvort erlendir framtakssjóðir væri nýyrði yfir erlendir áhættufjárfestingar. Hann lagði fram nokkrar spurningar til stjórnar sjóðsins með ósk um skrifleg svör.

Ragnar Þór Ingólfsson sjóðfélagi og stjórnarmaður í VR kvaddi sér hljóðs og fjallaði m.a. um tengsl stjórnenda við þau félög sem sjóðurinn fjárfesti í og hvort forsendur málshöfðunar á erlendir lánastofnanir sem lánuðu bönkunum væri til staðar þar sem lífeyrissjóðirnir áttu stjórnarmenn í bönkunum. Þá óskaði hann eftir

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Því að skuldabréfaeign sjóðsins verði sundurliðuð nánar og gerð opinber. Jafnframt kom hann með fyrirspurn varðandi umsýsluþóknun til Thule Investment, hver munurinn væri á lækkun lífeyrisréttinda hjá LV og Gildi lífeyrissjóði, hvort ekki hefði verið eðlilegra að afskrifa að fullu skuldabréfeign í Exista og Bakkavör og jafnframt hvatti hann til þess að lífeyrissjóðum yrði fækkað. Ragnar lagði fram áskorun til stjórnar og starfsfólks um að stórauka gegnsæi í fjárfestingum og aðgengi sjóðfélaga að upplýsingum í ljósi þess að sjóðsins bíður það erfiða hlutverk að fjárfesta við afar erfiðar markaðsaðstæður og tortryggni í samfélaginu. Ragnar lagði fram tillögu þar sem skorað er á stjórnvöld að hefja opinbera rannsókn á fjárfestingum LV í ljósi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Guðrún Ólafsdóttir sjóðfélagi og stjórnarmaður í VR kom með fyrirspurn varðandi fráfarandi stjórnarmenn, þ.e. hvenær greiðslum til þeirra lýkur og hvort stjórnarmenn hafi farið í gegnum nýtt mat Fjármálaeftirlitsins sem samþykkt var 10. febrúar 2010. Guðrún lagði fram tillögu um að allir stjórnarmenn og framkvæmdastjóri sjóðsins fari í nýtt hæfismat hjá Fjármálaeftirlitinu.

Ragnar Önundarson varaformaður svaraði fyrirspurnum sem fram höfðu komið. Sagði hann m.a. að það hefði verið tilhneiging hjá ríkinu til að misnota lífeyrissjóðina og að framtaksfé væri nýyrði fyrir áhættufé. Varðandi rannsókn á lífeyrissjóðunum væri það lykilatriði að Alþingi feli óháðri stofnun að vera aðili máls fyrir hönd einstaklings eða fyrirtækja. Jafnframt nefndi hann að aðstandendur lífeyrissjóða hefðu fullan hug á því að störf þeirra yrðu skoðuð. Hann nefndi að það væri hörmulegt að þurfa að skerða lífeyri sem er afleiðing af falli bankanna. Lífeyrissjóðirnir væru hins vegar fremur þolendur en gerendur. Varðandi skaðabótaskyldu á hendur föllnu bönkunum taldi Ragnar að það væri líklega of seint að sækja umtalsverða fjármuni til þeirra. Sagði hann hins vegar að ábyrgð erlendra banka væri mikil því þeir hefðu lánað hugsunarlítið gríðarlega fjárhæðir til íslenskra banka og taldi Ragnar að íslenska þjóðin ætti að standa saman við að fara í skaðabótamál við erlendu bankana til að gæta hagsmuna sinna.

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Guðmundur Þ. Þórhallsson framkvæmdastjóri svaraði fyrirspurn varðandi framtakssjóðinn Brú Capital sem er í rekstri hjá Thule Investment. Áætluð stærð Brú Capital er um 6,5 milljarðar og er árleg umsýslubóknun 2%. LV hefur skuldbundið sig til að leggja um 700 m.kr. í sjóðinn á næstu árum og hefur nú þegar um 2/3 af fjárfestingunni verið greidd.

Bjarni Þórðarson tryggingastærðfræðingur sjóðsins svaraði fyrirspurn varðandi réttindaávinnslu og nýjar réttindatöflur. Fram kom hjá honum að samkvæmt ákvæðum í samþykktum sjóðsins sé nauðsynlegt að nýjar réttindatöflur taki gildi frá og með næstu áramótum því töflurnar gefa niðurstöðu sem breyta framtíðarskuldbindingum sjóðsins um meira en 1%. Bjarni sagði að mögulegt hefði verið að hækka réttindi hjá sjóðnum á árunum fyrir fall fjármálakerfisins þar sem raunávöxtun hefði verið góð en eftir á að hyggja hafi þetta verið sýndarávöxtun að verulegu leiti. Sagði hann jafnframt að sjóðurinn þyrfti að ná 3,5% raunávöxtun á þessu ári því annars myndi halli sjóðsins aukast.

Halldór Grönvold sjóðfélagi tók til máls og sagði m.a. að sem sjóðfélagi í LV liði sér betur með sinn framtíðarsparnað eftir að hafa hlýtt á það sem fram hafi farið á ársfundinum. Halldóri leist vel á stefnumörkun og fjárfestingarstefnu sjóðsins og að skynsamleg hluthafastefna gæfi til kynna að sjóðurinn yrði ábyrgur í fjárfestingum. Taldi hann mikilvægt að hreinsa sjóðinn af vantrausti. Lagði hann til að skipuð yrði nefnd óvilhallra aðila t.d. Rannsóknarnefnd Alþingis til að rannsaka lífeyrissjóðina almennt.

Stefanía Magnúsdóttir stjórnarmaður í LV og starfsmaður VR, kvaddi sér hljóðs varðandi málefni öryrkja og sagðist binda miklar vonir við starfsemi Virk starfsendurhæfingar. Þá vakti hún athygli á gr. 2.4. í samþykktum sjóðsins þar sem kæmi fram að sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á ellilífeyristryggingar og áskilur sér heimild til að verja þau réttindi umfram önnur við endurskoðun á réttindaákvæðum samþykktanna.

Helgi Magnússon sjóðfélagi og formaður stjórnar LV, tók til máls og svaraði einnig fyrirspurnum fundarmanna. Sagði hann m.a. að ábending frá formanni VR

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

varðandi upplýsingagjöf væri réttlát og yrði unnið áfram hjá sjóðnum við að bæta hana. Þá sagði hann að starfsmenn sjóðsins hefðu verið í góðri trú varðandi gerð framvirkra gjaldmiðlavarnarsamninga við bankana og að tilgangur samninganna hefði ávallt verið skýr þ.e. að draga úr áhættu vegna misvægis á gjaldmiðlasamsetningu erlendrar verðbréfaeignar sjóðsins gagnvart gengisvísitölu íslensku krónunnar og til að draga úr gjaldeyrisáhættu sjóðsins. Þá kvað hann sér vera kunnugt um að á aðalfundi Landssamtaka lífeyrissjóða 18. maí 2010, yrði lögð fram tillaga um að stjórn samtakanna skipi nefnd óháðra og hæfra einstaklinga sem fái það hlutverk að kanna starfsemi lífeyrissjóðanna og koma með tillögur til úrbóta um starfshætti og fjárfestingastefnu lífeyrissjóðanna í ljósi skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis og sérstaks vinnuhóps um starfshætti og siðferði um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna. Helgi sagði að mismunandi samsetning eigna væri væntanlega ástæða þess að Gildi lífeyrissjóður hafi þurft að skerða lífeyrisréttindi meira en LV án þess þó að hann vildi fullyrða neitt um það. Varðandi hæfismat Fjármálaeftirlitsins taldi Helgi ekki rétt að taka fram fyrir hendurnar á FME því að sjálfsögðu fari stjórn og framkvæmdastjóri LV í gegnum nýtt mat FME þegar formlega verður leitað til sjóðsins um það. Þá sagði Helgi að stjórnarmenn fái ekki stjórnarlaun eftir að þeir hætta í stjórn sjóðsins.

Helgi tók undir með Ragnari Ingólfssyni og sagðist lengi hafa verið þeirrar skoðunar að fækka þyrfti lífeyrissjóðum. Í því samhengi nefndi Helgi að hann teldi LV hafa alla möguleika á að ná fyrri styrk en að hann hefði áhyggjur af minni lífeyrissjóðum. Helgi taldi ekki heppilegt að stærri sjóðir myndu sameinast því t.d. LV, LSR og Gildi lífeyrissjóður væru til samans um helmingur af lífeyrissjóðakerfinu. Helgi taldi jákvætt ef minni sjóðir hefðu frumkvæði að því að óska eftir samrunaviðræðum við LV. Taldi hann ekki ráðlegt að lífeyrissjóðir hefðu með sér samstarf um eignastýringu því hjarðhegðun sjóðanna fyrir fjármálahrún hefði verið gagnrýnd. Helgi taldi ekki að varúðarafskriftir LV á skuldabréfum Bakkavarar væru vanáætlaðar. Skuldabréf félagsins væru færð niður um 75% í uppgjöri sjóðsins og væri það talið ríflegt að mati starfsmanna og endurskoðenda sjóðsins. Helgi benti á að Bakkavör væri í fullum rekstri í Bretlandi. Það væri meginskylda að bjarga verðmætum því ef félagið hefði verið úrskurðað gjaldþrota hefðu verðmæti tapast. Að lokum þakkaði Helgi starfsfólki LV og stjórnarmönnum fyrir gott samstarf.

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA


Þakkaði hann jafnframt fundarmönnum fyrir langa og góða fundarsetu og sagði hann það virðingarvert þegar umræða á ársfundi færi fram með málefnalegum hætti.

Tvær tillögur voru bornar undir atkvæði fundarmanna í lok fundar.


Tillaga Ragnars Þórs Ingólfssonar um opinbera rannsókn á Lífeyrissjóði verzlunarmanna var felld með 49 atkvæðum gegn 8.

Tillaga Guðrúnar Ólafsdóttur um að allir stjórnarmenn og framkvæmdastjóri sjóðsins fari í nýtt mat hjá Fjármálaeftirlitinu var felld með 50 atkvæðum gegn 9.

Fleiri tóku ekki til máls. Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir setu þeirra á ársfundinum og sleit fundi kl. 21.20.



Ólafur Gústafsson hrl.
fundarstjóri



Margrét Kristinsdóttir
fundarritari